

Börn verða meðvituð um ýmsar spurningar sem tengjast réttlæti, tilgangi lífsins og heimsmyndinni allri snemma á lífsleiðinni. Mannréttindamenntun getur stutt við þennan eðlislæga áhuga og námsferli með því að ýta undir skilning þeirra á mannréttindum, móta skoðanir og þróa viðhorf. Um þetta snýst mannréttindamenntun og *Litli-kompás – handbók um mannréttindamenntun fyrir börn* á að nýtast í þessu skyni.

*Litli-kompás* er kjörinn upphafsreitur fyrir skólafólk, kennara og leiðbeinendur sem fást við mannréttindamenntun með börnum á aldrinum sjö til þrettán ára. Í handbókinni er fjallað um lykilhugtök á sviði mannréttinda og réttinda barna. Auk þess er fræðileg umfjöllun um þrettán lykilatriði mannréttinda, svo sem lýðræði, borgarvitund, kynjajafnrétti, umhverfismál, fjölmiðla og ofbeldi.

Verkefni 40 byggjast á virkum kennsluáferðum og er ætlað að hvetja og örva áhuga og vitund barna um mannréttindi í eigin umhverfi. Verkefni eiga enn fremur að þroska gagnrýna hugsun, ábyrgð og réttlætiskennnd og stuðla að því að börn læri að grípa til aðgerða og leggja sitt af mörkum til hagsbóta fyrir skólann sinn og samfélagið. Í handbókinni er einnig að finna hagnýtar ábendingar um hvernig hún nýtist við ólíkar aðstæður jafnt í formlegu sem óformlegu námi.



Í Evrópuráðinu eru 47 aðildarríki. Meginmarkmið þess eru að vernda mannréttindi, lýðræði, lög og réttarfar sem tekur mið af Mannréttindasáttmála Evrópu og öðrum lagatextum um vernd einstaklinga.

Litli-kompás

# Litli-kompás



## Handbók um mannréttindamenntun fyrir börn

ISBN 978-9979-0-1776-9



9 789979 017769



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Námsháskóla  
Námsháskóla

07121